Landssamtök hjólreiðamanna

Kópavogur, skipulagsgátt
https://skipulagsgatt.is/issues/427

Reykjavík 19. september 2023

Umsögn um:
Brú yfir Fossvog - breyting á deiliskipulagi

Umsagnarnefnd Landssamtaka hjólreiðamanna (LHM) hefur skoðað tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir brú yfir Fossvog. LHM vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við þessar skipulagstillögur á þessu stig.

Í gildandi skipulagi er hjólastígur austan megin á brú en í tillögunni er hjólastígur vestan megin á brú. Lega hjólastígs í Kópavogi, á brú og í Reykjavík þarf að vera samræmd og þannig að þveranir yfir borgarlínugötuna séu sem fæstar. LHM telur að lega vestan megin á brú sé í góðu lagi ef stígar á sunnanverðu Kársnesi séu þá vestan og sunnan megin við vegi og göngustíga alla leið inn í botn Kópavogs, það er nær sjó. Athygli vekur að í Reykjavík er gert ráð fyrir að hjólastígur séu fjær sjó en göngustígur nær. Það gæti verið skynsamlegt að samræma þetta fyrirkomulag. Æskilegt er líka að fækka þeim stöðum þar sem gangandi eru leiddir yfir hjólastíg að áningarstöðum.

Í núgildandi skipulagi fyrir brú yfir Fossvogur kemur fram í greinargerð að miðað sé við eina akrein fyrir almenningssamgöngur yfir brúnna. Í greinargerð þessarar tillögu er ekki minnst á breytingu á því en hins vegar eru teiknaðar tvær akreinar á uppdrætti tillögunnar. Ef til stendur að hafa tvær akreinar fyrir almenningssamgöngur yfir brúnna þarf það að koma skýrt fram í greinargerð og eins útskýring á því hvað hefur breyst í forsendum brúarinnar. Í gildandi skipulagi er umferð um brúnna skilgreind í greinargerð og þar segir að almenn umferð annarra farartækja en almenningsvagna, s.s. hópferðabifreiða eða fólksbíla, er ekki heimiluð yfir brúna. Brúin er ætluð fyrir hjólandi- og gangandi vegfarendur ásamt umferð almenningsvagna. Heimilt er í undantekningartilfellum að nota hana vegna neyðaraksturs.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar LHM

Árni Davíðsson
formaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Um Landssamtök hjólreiðamanna

Landssamtök hjólreiðamanna (LHM) eru hagsmunasamtök sem hafa að markmiði m.a. að efla hjólreiðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngumáta. Öll helstu hjólreiðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvari félagsmanna hinna ýmsu hjólreiðafélaga sem telja yfir 2000 manns heldur eru þau jafnframt málsvari allra sem hjóla á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólreiðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélög ECF er að finna í flest öllum löndum Evrópu. LHM hlaut samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar 2012 fyrir virka þátttöku og áhrif í að efla hjólreiðar á Íslandi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026